

Stjórnarfundur fundargerð 12.11.2019

Staðsetning:	Ólafíustofa, Pilestredet park 20, 0176 Oslo
Dagsetning:	12.11.2019
Fundar tími:	17:00
Fundi slitið:	21:00
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Varaformaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (II), voru til staðar allan fundinn. Ritari - Björn (BH) (kom kl. 17.30). Með stjórnandi - Rebekka boðaði forföll. Sóknarprestur - sr. Inga (IH) og Freydís (FH) (fór af fundi kl 19.25)

Dagskrá

1. Dagskrá fram að áramótum
2. Dagskrá Q1 og Q2 2020
3. Menningarfulltrúi
4. Inga fyrirspurnir
5. Fréttabréfið
6. Staða mála vegna Ólafíustofu
7. Staða mála vegna meðlimatals
8. Fylkismaður
9. Staða Ólafíusjóður
10. Heimasíða
11. Samstarfssamningar við Íslendingafélög
12. Önnur mál

Umræður

1. Dagskrá fram að áramótum. Inga og Freydís segja frá sínum áætlunum. Mikið hringl á staðsetningum fyrir messu í haust og verður væntanlega eitthvað áfram. Reyna að fá sænsku kirkjuna sem er miðsvæðis.
2. IH: Stefnt að því að halda haust- og vorhátíð (fjölskyldudagur) og “messy-church” í vor eftir páska. Taka frá helgina 7.-9. febrúar fyrir samráðsfund íslensku safnaðanna í Skandinavíu hér í Noregi þar sem þetta er að frumkvæði safnaðarins.
3. Menningarfulltrúi: FH: Langar til að vera með “jóna-föndur” í Ólafíustofu í desember. Fjölskyldudagur í febrúar. Fjölskyldu vorhátíð er alltaf haldin í Sandefjord og er vel sótt og vinsælt (innsk. II). Músík bingó Sunnu, bjóða kór til að hafa fjáröflun eða hafa þetta á stað þar sem veitingar eru seldar. Sígildir tónleikar í janúar/febrúar, margir Íslendingar í Noregi sem koma til greina sem flytjendur. Ljósmynda og myndlistasýning í mars/apríl, helst úti á landi með trúbador (einleikara með söng). FH vill halda veglegt kóramót og kannski bjóða einnig til Noregs söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar. Þrándheimur mun líklega halda “lítila kóramótið” í ár (innsk. JMA).
FH Athugar með styrki til viðburða, meðal annars hjá norden.org; “norraent samstarf”. Óskar eftir því að fara með presti út á land til að taka myndir og kynna það sem gerist á landsbyggðinni í fréttabréfi og fær viljrði stjórna að fara á jólahátíðina í Stavanger.
4. IH spyr hvort eitthvað sé hægt að breyta opnunartíma Ólafíustofu og hvort prestur og starfsmaður geti haft einn starfsdag heima. Berglind hefur langan veg að fara og gæti verið daglega eina klukkustund lengur og fengið því einn virkan dag frí. Stundum næst ekki að klára dagsverkefni á fjórum tímum. Mjög fáir koma í Ólafíustofu sem ekki hafa þegar mælt sér mót við prest. JMA bendir á að æskilegt sé að opið sé alla daga vikunnar, mögulega gætu prestur og starfsmaður skiptst á að vera til staðar við sérstakar aðstæður. Il bendir á að opnunartímar sem tilkynntir eru á heimasíðunni verði að fylgja. Stjórn íhugar málið fram að næsta fundi.
BH athugar hver gefur vígsluleyfi og hvernig og hvar er sótt um og lætur sr. Ingu vita.
5. Il greinir frá um fréttabréf: 413 send út, 252 opnuðu það og 12 komust ekki til skila. Í framhaldi af útgáfu má setja eina og eina grein út á Facebook til lestrar þar.
6. BH: Bjerke Ventilasjon getur ekki tekið ábyrði á verkinu fyrr en teikningar og „samsvarserklæring“, „innreguleringsprotokoll“ og „erklæring om ansvarsrett“ liggur fyrir hjá fyrri verktaka loftræstikerfis. BH hefur verið í sambandi við fleiri aðila en engir kannast við að hafa unnið að því fyrir söfnuðinn. Bjerke ventilasjon hefur fengið fyrirspurn um að gera úttekt á loftræstikerfinu en til þess þarf teikningar og þeirra er leitað að nú. Á meðan á fundi stóð fundust mikilvæg gögn varðandi málið.

Það þarf að setja upp neyðarútgangsskilti frá sal út að aftan og framan og ofan við útgang í geymslu. Einnig þarf að setja upp vegghengt skiptiborð á salerni. II: Hafa þarf fasta aðila sem sjá um málefni svo sem rafmagn, pípulagnir og þess háttar, búa til lista sem Berglind getur þá hringt út til ef þarf.

7. II tilkynnir að Brønnøysundregisterene sé búin að senda meðlimatalið til Fylkismanns sem sendir svo áfram til okkar. Það kemur á prentuðu formi með norskar kennitölur. Verður sent til EVERY til úrvinnslu.
8. JMA og II hafa fundað með sendiherra og upplýst um stöðu safnaðarins gagnvart fylkesmannen. Sendiherra tók málinu vel og styður söfnuðinn og vill fylgjast náið með, jafnvel skrifa formleg bréf ef með þarf. Knut Rognlien lögfræðingur mun senda ráðuneytinu tilkynningu um málsókn (søksmålsvarsel) með tilvitnun frá sivilsombudsmannen. Næst er að funda með Ropstad (ráðherra barne og familiedepartementet) þann 25.11.2019. Sr. Inga fer á fundinn ásamt prestum frá sænska og finnska söfnuðinum og aðilum frá norsku kirkjunni. Anna lögfræðingur mun fá sögu málsins og setja sig inn í það sem lögfræðingur safnaðarins.
9. II: Ólafíusjóður hefur hafist handa við að ákveða lög (vedtekter), úthlutunarreglur og starfsreglur. Rannveig er formaður, Ágústa er gjaldkeri, Steinunn er meðstjórnandi, prestur er starfsmaður sjóðsins og Guðbjörg Magnúsdóttir er varamaður. Söfnuðurinn mun svo kalla til stofnfundar sjóðsins. Búa þyrfti til upplýsingabækling sem getur verið frammi í sendiráðinu, Ólafíustofu og fleiri stöðum.
II og JMA funduðu með Önnu um samstarf við sendiráðið, söfnuðinn og Ólafíusjóð. Anna hefur reynslu af „fri rettshjelp“. Hún er mjög spennt fyrir samstarfi við bæði Ólafíusjóð og söfnuðinn.
10. II: Gamla heimasíðan hrundi vegna víruss. Bráðabirgða útlit hefur verið sett upp þar til ný síða verður klár. Einhverjir í 60 plús hafa kvartað yfir upplýsingaskorti vegna viðburða. Hefur haft samband við Skjelbred design sem mun gera nýja heimasíðu.
11. KS: Er byrjuð að hafa samband við nokkur íslendingafélög vegna samstarfssamninga við söfnuðinn. KS upplýsir um lítið sé að gerast í Þrándheimi. Mörg félög sem ekki vita af mögulegum styrkveitingum safnaðarins. Mun skrifa staðlað bréf til félaganna.
12. Önnur mál:
 - Búið er að kaupa 77 kg sælgæti frá Íslandi eða 480 poka og verður flutt í töskum til Noregs fyrir jólin.
 - Jólakort verða undirrituð af presti og starfsmanni. Samstarfsaðilar, tengiliðir, sendiráð og stofnanir sem og þeir sem hafa unnið fyrir söfnuðinn fá kort. Jólakortin verða keypt af Ólafíusjóði.
 - II fer í að athuga aðstöðu fyrir samráðsfundinn, mögulega leigja bústað. Verið er að ráða prest til Kaupmannahafnar (innsk. II).
 - II mælir með að valdar verði þrjár kirkjur á höfuðborgarsvæðinu fyrir viðburði safnaðarins, sem haft verður samband við þegar dagskrá er tilbúin.
 - Stjórn er almennt mjög ánægð með fréttabréfið sem var gefið út.

- Dræm mæting á TTT. Erfitt að brúa bilið milli sunnudagaskóla og unglunga. Athuga að breyta orðalaginu “sunnudagaskóla” í “krakkahitting”, “krakkafjör”, “krakkastund” eða „sunnudagamót“ eða eitthvað annað sem ekki er of barnlegt fyrir markhópin. IH bendir á að athuga þyrfti formið á messunum; hvort æskilegt sé að breyta hefðbundnu messuhaldi og safnaðarstarfi sem mætir nútíma þjóðfélagi betur. “Messychurch” gæti verið hugmynd að nálgast: örstutt messuhald og svo vinnustöðvar með kristilegum gildum og endað með máltíð. Það þyrfti væntanlega sjálfboðaliða með.
- Il tilkynnir að mörg Íslendingafélögin séu í dvala og lítið að gerast. Oft vantar peninga til að koma hlutum af stað. Íslendingahúsið verður leigt um hvítasunnuhelgina fyrir hálfgerða þjóðhátíð þar sem reynt verður að virkja eins mörg íslendingafélög og hægt er það er Íslendingafélagið í Osló og Jötun (Vestfold) sem standa á bakvið helgina.
- Allir kórar hafa fengið tilkynningu um nýja samninga (sjá eigið skjal). Allir nema Ískórinn sáttir við samninginn.
- Anna lögfræðingur mun skrifa bréf til Namsmannen varðandi lögtak hjá RS.
- Laganefnd safnaðarins þarf að virkja og á að skila af sér álit fyrir 1. mars: endurskoða lagalegt umhverfi safnaðarins í samræmi við gildandi norsk og íslensk lög. Óskað er eftir að Þór Garðarsson verði í forsvari fyrir laganefnd.
- Vinnuskjal fundargerðar lagt út fyrir stjórn til yfirlestrar í hvert sinn. Setja þarf alla stjórnarfundir fram að aðalfundi í dagatalið. Greitt er fyrir netfundarsetu.

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
Knut Rognli (lögfræðingur) mun senda bréf til ráðuneytis.	Stjórn	Sem fyrst	

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Vígluleyfi	BH	Sem fyrst		
Bréf til íslendingafélaga varðandi tilboð frá söfnuðinum	KS	Sem fyrst		

Klára samþykkt í Ólafíustofu	BH	Sem allra fyrst		
Heimasíða	II	Sem fyrst		